

3. gr.

Fyrir hönd bæjarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum, framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Sveitarfélaginu Árborg. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd starfa sinna, ef hundur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða vörsluaðili hundsins tálmar starf eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja hund. Að öðru leyti starfar hundaftirlitsmaður undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf.

4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eigendum eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa hefur lögregla eða dýralæknir heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað.

Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögregla eða dýralæknir heimild til að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað.

Lögregla og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna landbúnaðarfulltrúa kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

5. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 10. febrúar 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Af hundum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald nr. 567/1997.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunda skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr. 12.500
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	kr. 17.000
Bráðabirgðaleyfi	kr. 2.500

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr. 12.500
-------------	------------

4. gr.

Greiðslur vegna hundahreinsunar og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr. 6.200
Önnur afhending hunds	kr. 12.350
Þriðja afhending hunds	kr. 18.600
Fyrsta afhending hunds án leyfis	kr. 14.800

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

6. gr.

Gjaldldagi samkvæmt 3. grein er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Skilgreiningar á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 19. desember 2002, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ísafirði, 16. janúar 2003.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.